

Gunnar Jónsson

Subject: FW: Beiðni um styrk til fornleifarannsókna

From: Björgvin Valur Guðmundsson <sludrid@simnet.is>

Sent: 07 October 2024 08:53

To: jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is; raustehf <raustehf@simnet.is>; jon b hakonarson <jon.b.hakonarson@fjardabyggd.is>; stefan <stefan@matís.is>

Subject: Beiðni um styrk til fornleifarannsókna

Ágæta bæjarráð og bæjarstjóri.

Með þessum pósti vil ég, fyrir hönd Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði, sækja um áframhaldandi fjárstuðning frá Fjarðabyggð vegna fornleifarannsókna í Stöð á Stöðvarfirði. Fjarðabyggð hefur lagt verkefninu til eina milljón króna á ári hverju og það hefur skipt sköpum um framgang verkefnisins.

Rannsóknirnar í sumar staðfestu að eldra húsið væri skáli því þar fannst langeldur en hann fyrirfinnst í nær öllum skálum frá þessum tíma. Einnig fannst í sumar mynd af víkingaskipi, rist í stein, og er það talin vera elsta mynd sem fundist hefur á Íslandi. Hún hefur vakið gríðarlega athygli fræðimanna víða um heim og hefur verið tekin upp af okkur sem táknmynd verkefnisins.

Ég vil minna á sumt af því sem þessar rannsóknir í Stöð hafa leitt í ljós á þeim tíma sem þær hafa staðið yfir:

- Um er að ræða elstu mannvistarleifar á Íslandi
- Fyrsti landnámsskáli sem finnst á Austurlandi og jafnframt sá elsti
- Þar var mikið ríkidæmi en í yngri skálanum hafa fundist fleiri perlur en í nokkru öðru húsi frá landnámsöld á Íslandi
- Í yngri skálanum hafa fundist silfurpeningar, silfur og gull
- Þarna var í upphafi útstöð þar sem veiðimenn frá öðrum löndum höfðu búsetu
- Í Stöð voru unnar afurðir úr sjávarspendýrum
- Þarna eru vísbendingar um verslun og viðskipti
- Í sumar fannst þriðji skálinn sem allt bendir til að hafi verið mannabústaður. Hann er mun minni en hinir tveir og gæti hafa verið bústaður vinnuafis, hvort heldur það var frjálst eða ófrjálst.

Í sumar verður því lögð áhersla á "nýja" skálann auk þess sem haldið verður áfram að leita að höfn og kumli.

Ég vil svo að lokum hvetja bæjarfulltrúa og bæjarstjóra til þess að heimsækja Stöð á meðan á uppgreftri stendur (júní á hverju sumri) til þess að sjá hvað þar fer fram og ræða við fornleifafræðingana sem þar eru að störfum. Þeir munu taka ykkur fagnandi.

Hér er svo hlekkur á Facebook-síðu verkefnisins en þar er að finna þær skýrslur sem Dr. Bjarni Einarsson hefur skrifað í lok hvers árs. Líklega verður skýrsla þessa árs ekki komin áður en þetta mál verður afgreitt: <https://www.facebook.com/groups/322736717850200>

Með von um góðar viðtökur
f.h. Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði

Björgvin Valur Guðmundsson
formaður
s. 8690117